

## *Viðskiptaskilmálar reikningsviðskipta*

### **Umsókn um reikningsviðskipti**

Þær upplýsingar sem verða sóttar eru annarsvegar upplýsingar úr vanskilaskrá Creditinfo og svo hinsvegar lánshæfismat sem metur líkurnar á vanskilum tólf mánuði fram í tímann.

Skilyrði umsóknar um reikningsviðskipti:

- Viðkomandi einstaklingur eða lögaðili sé ekki skráður á vanskilaskrá Creditinfo Ísland
- CIP áhættumat Creditinfo Ísland að vera 7 eða lægra
- Ábyrgðarmaður þarf að vera fasteignareigandi
- Aðeins þeir sem eru í forsvari fyrirtækja geta sótt um reikningsviðskipti hjá Tengi líkt og fjármálastjórar, framkvæmdastjórar og aðrir prófkúruhafar

Upplýsingum um útgáfu reikninga á lögaðila, fjárhæð þeirra og hvenær þeir verða greiddir, kann að verða miðlað áfram í Greiðsluhegðunarkerfi Creditinfo Lánstrausts hf.

### **Tryggingar**

Þegar um háar lánsfjárhæðir er um að ræða fer Tengi ehf. fram á tryggingar sem er metið hverju sinni. Þau tryggingarform sem notast er við eru annarsvegar sjálfsskuldarábyrgð þar sem einstaklingur/einstaklingar gangast í sjálfsskuldarábyrgð vegna vöruúttektum félags í eigu þeirra. Ábyrgðarmenn þurfa að vera fasteignaeigendur og ekki á vanskilaskrá. Hinsvegar er notast við bankaábyrgð þar sem viðskiptabanki viðskiptamanns tekst á hendur ábyrgð á vöruúttektum viðkomandi viðskiptamanns til ákveðins tíma. Greiðslu þarf að inna af hendi fyrir lok gildistíma ábyrgðar.

### **Greiðsluskilmálar og innheimtukostnaður**

Úttektarmánuður er almanaksmánuður hverju sinni. Uppsöfnuð viðskiptaskuld er með gjalddaga 5. dag næsta mánaðar og eindagi er 20. þess sama mánaðar. Sé skuld ekki greidd á eindaga reiknast dráttarvextir frá gjalddaga. Falli skuld í eindaga eru send út innheimtuviðvörðun og innheimtubréf og er kostnaður vegna þessarar innheimtu skuldfærður á viðskiptareikning. Vísað er til laga nr. 95/2008 og reglugerðar varðandi innheimtugjöld. Sé innheimtuviðvörðun og innheimtubréfi ekki sinnt þá er krafan send í lögfræðiiinnheimtu.

### **Rafrænir reikningar – Mitt tengi**

Hægt er að velja um ýmis form reikninga en í gegnum Mitt Tengi er hægt að skoða reikninga, stöðu pantana og fá stöðuyfirlit. Viðskiptavinir geta óskað eftir því að fá



reikninginn sendan rafrænt í tölvupósti eða með skeytamiðlun. Ef ekkert af þessum leiðum er valin er hefðbundinn reikningur sendur í pósti.

Við umsókn á reikningsviðskiptum þarf að fylla út [eftirfarandi umsóknarform](#)